

Arngrímsstofa í Gullbringu í Svarfaðardal



Arngrímsstofa í Gullbringu lengst til vinstri. GLH 2005

Byggingarár: 1884.

Hönnuður: Arngrímur Gíslason málari.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1953.

Arngrímsstofa er einlyft timburhús með rislágu torfþaki, 5,15 m að lengd og 2,85 m á breidd. Stærð þess með torfveggjum við suðurstafn og bakhlið er um 6,8x4,2 m. Við norðurgafli Arngrímsstofu er timburhús, Gullbringa, byggt árið 1912, og við norðurgafli þess er timburhús byggt 2004. Framhlið öll og efri hluti suðurgafli og bakhliðar Arngrímsstofu eru klædd listapili en neðri hluti þeirra á bak við torfveggi er bárujárnsklæddur. Á framhlið hússins sunnanverðri eru tveir samlægir gluggar með átta rúðu ramma hvor og á bakhlið norðanverðri eru tveir fjögurra rúðu gluggar. Um það bil fyrir miðri framhlið eru dyr með spjaldsettri hurð fyrir.

Inn af dyrum er gangur þvert yfir húsið. Málarastofa er í suðurhluta hússins en geymsla norðan megin gangs og dyr á norðurgafli að Gullbringu. Stofan er klædd spjaldapili, sléttu fyrir ofan miðsyllu en reituðu fyrir neðan, og í henni er flatt loft klætt reituðu spjaldapili. Veggur sunnan megin á gangi er klæddur standþiljum en aðrir veggir og loft neðan á bitum eru klædd stallstrikuðum panelborðum. Veggir í geymslu eru klæddir samskonar panil og loft neðan á bitum yfir vesturhluta hennar. Að austanverðu er loft opið upp undir mæni. Í geymslunni að norðanverðu er suðurgafll Gullbringu og er hann klæddur vatnslæðningu. Málarastofan er ómáluð að innan en gangur og geymsla eru máluð nema geymslusúð.



Arngrímsstofa í Gullbringu lengst til hægri. GLH 2005



Í Arngrímsstofu eru veggir klæddir spjaldapili en loft reituðu spjaldapili. GLH 2005